



## Fundargerð

409. fundur (aukafundur) sveitarstjórnar Reykólahrepps,  
föstudaginn 7. júlí 2017, kl. 13.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutróð 5a, Reykóhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Jóhann Þórðarson endurskoðandi var gestur á fundinum undir lið 1 á dagskrá og var hann í síma.

Fundargerð rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst og var samþykkt samhljóða að taka það á dagskrá undir liðnum önnur mál.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu

#### 1. 1706011 – Ársreikningur Reykólahrepps 2016, síðari umræða.

*Ársreikningur Reykólahrepps og stofnanna hans lagður fram til síðari umræðu. Ársreikningur Reykólahrepps og stofnanna samþykktur samhljóða. Sveitarstjórn samþykkir ársreikning með undirritun sinni. Samþykkt samhljóða.*

*Jóhann Þórðarson endurskoðandi var gestur á fundinum í síma og fór yfir endurskoðunarskýrslu vegna endurskoðunar ársreiknings 2016. Jóhanni er þökkuð yfirferðin.*

#### 2. 1707001 – Nýtingarleyfi á jarðhita í landi í eigu Reykólahrepps.

Erindi frá Orkustofnun, beiðni um umsögn, dagsett 28. júní 2017.

*Sveitarstjórn óskar eftir lengri frest til að veita umsögn um málið vegna sumarleyfa. Sveitarstjóra falið að fara fram á frest hjá Orkustofnun til 25. ágúst 2017 til að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.*

#### 3. 1704009 – Vestfjarðarvegur 60, kynning framkvæmdar.

Erindi frá Lögmönnum Höfðabakka, dagsett 29. maí 2017, lagt fram til kynningar á fundi sveitarstjórnar 8. júní 2017.

*Lögð er fram tillaga að svarbréfi. Tillagan samþykkt samhljóða, sveitarstjóra falið að koma bréfinu á framfæri við Lögmenn Höfðabakka. Samþykkt samhljóða.*

### Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

#### 4. 1707002- Málefni laxeldis á Vestfjörðum, drög að sameiginlegri yfirlýsingu sveitarfélaganna á Vestfjörðum.

*Sveitarstjórn Reykólahrepps samþykkir að undirrita sameiginlega yfirlýsingu og styðja þannig við uppbyggingu á laxeldi á Vestfjörðum. Samþykkt samhljóða.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 15:10

---

---

---

---

---

---